



Nefndarsvið Alþingis  
Iðnaðarnefnd  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

*Alþingi  
Erindi nr. P 122/1907  
komudagur 18.4. '98*

Reykjavík 17 apríl 1998

### **Efni: Frumvarp til laga um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu**

Samtökum iðnaðarins hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar og óskar eftir af því tilefni að koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri.

#### **Efni frumvarpsins.**

Með frumvarpinu er lagt til að í einn lagabálk verði skipað reglum um allar auðlindir í jörðu, hvort sem um er að ræða auðlindir í jörðu, í landi, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlagna. Með þessu er verið að auka og auðvelda nýtingu auðlinda í jörðu.

Eignarlandi fylgir eignaréttur að auðlindum í jörðu en auðlindir í þjóðlendum eru eign ríkisins. Í lögum um jarðefni hefur ríkið haft eignarhald á auðlindum utan eignarlanda en ákvæði frumvarpsins um eignarhald á öðrum auðlindum er nýmæli. Með þessu er afnumin sú réttaróvissa sem ríkt hefur um eignarrétt auðlinda í þjóðlendum.

#### **Vinnsluleyfi**

Nýting auðlinda úr jörðu er háð leyfi iðnaðarráðherra óháð því hvort auðlindin er í eignarlandi eða í þjóðlendu. Engin ákvæði eru um tímalengd vinnsluleyfa og getur ráðherra í sjálfur sér heimilað leyfi til 1000 ára á síðasta starfsdegi í embætti. Samtök iðnaðarins telja réttar að lögin kveði á um hámarkstímalengd t.d. í samhengi við eðlilegan afskriftartíma framkvæmda eða fjárfestinga leyfishafa.

#### **Einfaldari aðkoma fyrirtækja að nýtingu auðlinda.**

Förræði iðnaðarráðherra er ljóst. Hann veitir vinnsluleyfi og getur væntanlega afturkallað þau. Engu að síður þarf að leita umsagnar og samþykkis annarra stjórnvalda s.s. umhverfisráðuneytis og stofnanna sem heyra undir það. Aðkoma og umsóknarferill þeirra sem hyggja á námurekstur er flókinn. Það er því brýnt að ferlið verði einfaldað t.d. þannig að fyrirtæki snúi sér að einni stofnun (iðnaðarráðuneyti) sem síðan annast samskipti við önnur stjórnvöld.

### **Óraunhæf viðmið um notkun landeigenda til eigin þarfa**

Í 10. og 14. gr. frumvarpsins eru ákvæði um heimildir landeigenda til að nýta jarðhita, allt að 5 MW miðað við vermi sem tekið er úr jörðu á sek. og grunnvatn allt að 100 ltr./sek. án leyfis iðnaðarráðherra. Til samanburðar má nefna að vatnspörf Vestmannaeyja er 65 ltr/sek. Samtök iðnaðarins telja þessi viðmið há og að þau þurfi endurskoðunar við. Jafnframt þurfi að setja mörk fyrir vinnslu jarðefna til eigin nota.

Virðingarfyllst

**Samtök iðnaðarins**

EYJÓLFUR BJARNASON  
Eyjólfur Bjarnason